



Reykjavík 13.12.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 12. desember 2018 varðandi eftirfarandi mál.

### **Kvosin**

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar. Í tillögunni felst breyting á afmörkun skipulagsins í samræmi við breytta afmörkun á skipulagi Austurhafnar. Breytingin er tilkomin vegna þess að ráðgert er að gera gömlu Steinbryggjuna sýnilega og gera að torgsvæði, en svæðið skaraði tvenn skipulagsmörk, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 5. nóvember 2018.


*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til Borgarráðs*


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Örn Sigurðsson


Fylgiskjal: uppdr. Landmótunar, dags. 5. nóvember 2018.



Deiliskipulag Kvosarskipulags samþykkt 01.10.1987 með breytingum á Hafnarstrætisreit. mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu skipulagi Kvosarinnar, 05.nóvember 2018, mkv. 1:1000



Skýringarmynd - Kvosarskipulag

#### GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Gildandi er deiliskipulag Kvosar sem samþykkt var 1. október 1983, breytt deiliskipulag Hafnarstrætisreits samþykkt 12. apríl 2017 og aðliggjandi deiliskipulag Austurhafnar samþykkt 18.05.2006 (með nokkrum áorðnum breytingum). Gerð er breyting á deiliskipulagi vegna torgsvæðis við Steinbryggju, þar sem steinlögn gömlu Steinbryggjuna (upphaflega gerð 1884 og löguð 1893) er gerð að hluta göngusvæðis.

Mörk deiliskipulags Kvosarinnar eru færð 7 m í austur þannig að þau liggja 3 metra frá lóðamörkum deiliskipulags Austurhafnar. Deiliskipulag Austurhafnar minnar þannig um 451 m<sup>2</sup> og er sú breyting auglýst samhlíða. Er þetta gert í samráði við skipulagshöfunda Austurhafnar.

Svæði sem breytingin tekur yfir nær frá þessum nýju mörkum deiliskipulags Austurhafnar að húsvegg Tryggvagötu 19, Tollstöðvarinnar. Stærð breytingarsvæðis er 935 m<sup>2</sup>.

Á breytingarupprætti eru sýnd afmörkun gömlu Steinbryggjunnar eins og hún var mæld við uppgröft í september 2018. Torgsvæði umhverfis Steinbryggjuna verður hluti af torg/göngusvæði nærliggjandi svæða Austurhafnarskipulags. Frá Geirsgötu er reiknað með akstri inn í bílageymslur undir byggingum Austurhafnarsvæðisins. Einnig verður leyfður takmarkaður innakstur vegna aðkomu þjónustubíla og skal gera ráð fyrir því við hönnun torgsvæðisins.

Torgið umhverfis Steinbryggjuna skal vera miðborgartorg með götutrjám, götugögnum og vandaðri lýsingu. Gamla Steinbryggjan skal vera mikilvægur hluti af torginu.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Kvosarinnar, samþykkt í borgarráði 1. október 1983.

#### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar 
- Mörk deiliskipulags að skipulagi Austurhafnar 
- Mörk deiliskipulags Hafnarstrætisreits 
- "Steinbryggja" - fornminjar gerðar að hluta af torgi 
- Torgsvæði / göngugötur 
- Takmarkaður akstur 
- Mörk lóða 



Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - staðsetning breytingar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_.

#### KVOSARSKIPULAG

Deiliskipulagsbreyting götu milli Tryggvagötu og Geirsgötu  
Breytt að hluta í göngugötu/torg vegna minja; "Steinbryggju".



LANDMÓTUN • HAMRABORG 12 • 200 KÓPAVOGUR • Sími 575 5300 • Faxi 554 5300 • Netfang: landmotun@landmotun.is

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

SKIPULAG: ÁT  
TEKNAÐ: ÁT  
SAMBYKKT  
KT.  
KVAÐI: 1:1000 A2  
VERKNR.  
0000-DG1803

TEKNAÐ: ÁT  
SAMBYKKT  
KT.  
KÓPAVOGUR  
TEKNI. NR.  
001

\_\_\_\_\_ dags. 05. nóv 2018.  
BR.